

## Nýjungar í Sögu - Útgáfa 3.1.38

## Afgreiðsla (gaSab)

## Afgreiðsla - Finna tímabókun

SAG-3040

Nú er kominn hnappur til að flytja innihald töflunnar yfir í Excel.

## Afgreiðsla - Tenging við meðferðarbiðlista

SAG-2140

Staða blaðs eftir að tímabókun tengd beiðni um meðferð er merkt Mætti ekki. Nú fer blaðið aftur í stöðuna "Á biðlista".

## Afgreiðsla - Búa til samskipti í eyðublöðum fyrir símtal

SAG-3141

Nú verða samskiptin til í nýjustu komu eða legu sem notandi hefur aðgang að. Ef engin slík koma eða símtal er til þá verða samskiptin til undir samskiptum í eyðublaðatrénu.

## Afgreiðsla - Breyta áætlunum

SAG-4920

Nú er hægt að velja fleiri en eina áætlun í Breyta áætlunum glugganum í afgreiðslueiningunni og eyða þeim öllum í einu.

## Afgreiðsla - Prentun minnismiða

SAG-4482

Textinn 'VINSAMLEGAST TILKYNNIÐ FORFÖLL' hefur verið færður fremst í línuna sem hann var í og gerður meira áberandi með því að hafa hann allan í hástöfum.

## Afrítanir inn á læknafrétt

## Eyðublað - Innlagnarskrá/Sjúkraskrá #15

SAG-183

Þegar búin er til ný innlagnarskrá er einungis boðið upp á að afrita gögn af innlagnabeiðnum sem hafa þá deild sem notandi er skráður inn á sem deild viðtakanda.

Þegar valið er að afrita frá innlagnarbeiðni inn á innlagnarskrá þá er skráð breyting í ferilssögu(g\_history) beiðnarinnar.

Glugganum sem birtir innlagnarbeiðni sem hægt er að afrita af hefur verið breytt. Nú stendur í hausnum „Eyðublað Á innlagn við innlagnarbeiðni á biðlista“ og á hnappnum þar sem áður stóð „Hætta við“ stendur „Á ekki við“.

Innlagnardagsetningin á innlagnarskránni afritast nú úr:

-Innlagnarbeiðninni sé hún skráð þar.

-Ef ekki er skráð innlagnardagsetning innlagnarbeiðni þá er dagsetningin sett sem upphafsdagur lotu ef innlagnarskráin tilheyrir lotu.

-Ef hvorugt skilyrði hér að ofan er uppfyllt þá er innlagnardagsetningin sett sem dagsetningin í dag.

## Eyðublað - Læknafrétt #12 - Röðun í hluta Aðgerðir/meðferðir/rannsóknir

SAG-3096

Þegar læknafrétt #12 er búin til er afritað úr ýmsum tegundum eyðublaða, m.a. aðgerðalýsingum, í kaflann Aðgerðir/meðferðir/rannsóknir. Þessar upplýsingar eru nú afritaðar í röð frá fyrstu dagsetningu til hinnar síðustu.

## (or) Læknafrétt #12

SAG-4109

Þegar afritað er frá öðrum eyðublöðum yfir á (or) Læknafrétt #12 var áður aðeins afrituð ein færsla með sama kóða af eyðublaði #411. Því hefur verið breytt þannig að nú eru allar færslur af #411 afritaðar yfir á Læknafrétt óháð því hvort þær hafi sama kóða.

## Bakgrunnsvinnsla Sögu

## Vera - Lyfjaendurnýjun/Almennar fyrirspurnir

SAG-3626

- Allar beiðni frá VERU sem berast á sama degi lenda núna í sömu samskiptum eftir tegund samskipta.
- Allar lyfjaendurnýjunarbeiðni sem berast á sama degi frá sama sjúklingi lenda núna í sömu samskiptum fyrir lyfjaendurnýjun og almennar fyrirspurnir undir sömu samskiptum fyrir almennar fyrirspurnir.

## Viðmót til að stilla bakgrunnsvinnslu í Sögu

SAG-3041

**Stillingar á Sögumiðlara**

Allar stillingar sem áður voru í config skránum fyrir Sögu Server (ClientIntegration og Saga Application Server) eru núna komnar í gagnagrunninn.

Allt nema gagnagrunnstenginstrengurinn.

Komnar eru töflurnar SERVER\_SETTINGS, SERVER\_SCHEDULE\_SERVICES, SERVER\_STARTUP\_SERVICES.

**Atvikaskráning**

SAG-2256

**Atvikaskráning - Rafrænar sendingar**

Rekstraraðilanúmer landlæknis sendist nú með atvikaskráningum.

**Aðgangsstýringar**

SAG-2554

**Aðgangsstýringar - Meðferðarskráning**

Nú er ekki hægt að skoða gögn fyrir sjúkling sem innskráður notandi hefur ekki meðferðartengsl við án þess að biðja um aukinn aðgang. Undantekning frá þessu eru dagplönin tvö.

Ekki er lengur hægt að skoða framvindunótur fyrir „Alla sjúklinga í lista“ nema „Deild“ flipinn sé valinn og aðgangsstýringaklasi er ekki stilltur á „HospitalAccessInfo“.

SAG-2648

**Aðgangsstýringar - Aukinn aðgangur**

Nú þurfa notendur ekki lengur að biðja sérstaklega um aukinn aðgang þegar beðið er um aðgang að sjúkraskrá einstaklinga sem notandi hefur ekki meðferðartengsl við. Notandi fær sjálfkrafa aukinn aðgang með því að smella á "Velja" en engan aðgang ef smelli er á "Hætta við".

**Aðstandendaskráning**

SAG-2621

**Persónuupplýsingar, skráning aðstandenda - Logga breytingar á sögu**

Bætt var við loggum á breytingasögu aðstandenda. Breytingar eru skráðar í gagnagrunnstöflu. Síðar munu þessar upplýsingar verða aðgengilegar í notendaviðmóti.

SAG-4589

**Tilkynning um fæðingu - Símanúmer móður skráð með aðstandandaupplýsingum.**

Þegar skráð er fæðingartilkyning var móðir barns strax skráð sem aðstandandi þess. Við skráninguna hefur verið bætt við þeim símanúmerum móður sem þekkt eru í Sögu. Símanúmer sem skráð eru á móður eftir að fæðingartilkyning hefur verið send birtast ekki.

**Aðvaranir sjúklings (flyout)**

SAG-4383

**Skráning aðvarana - við hvern var rætt**

Texta fyrir sjúkling breytt í "Sjúkling (að hans ósk)". Bætt við möguleikanum "Aðra, sjá dagál".

SAG-4856

**Snjórn - Meðferðarstig**

Nú birtist dagsetning skráningar í glugga meðferðarstigs með textanum "Hófst 05.11.2015".

**Aðvaranir sjúklings (skráning)**

SAG-3135

**Aðvaranir sjúklings - Lífsógnandi greiningar**

Nú eru lífsógnandi greiningar sem skráðar eru á ákveðin eyðublöð afrituð yfir í greiningarm snjórnarsins þegar blaðið er staðfest. Stillingildi 1202 ákvarðar hvaða blöð afrita greiningar. Áfram er hægt að skrá greiningar beint í snjórnrið og er sú virkni óbreytt.

SAG-3754

**Snjórn - Breytingar á skráningu á smitgát**

Skráningarglugga breytt í samræmi við greiningu LSH. Felldir út fellilistarnir *Einangrun* og *Nánar*. Í stað þessara lista birtist alltaf textinn „Einangrun vegna smithættu“ þegar ástæða smitgátar hefur verið valin. Einnig fellt út dagsetningarsviðið *Hefst*. Stillingildi #1210 bætt við sem stjórnar birtingu á skýringartexta fyrir skráningu. Hjá LSH er þessi texti „Sýkingavarnadeild sér um skráningu á smitgát“.

## Snjórn - Breytingar á flokkaheitum fyrir smitgát

SAG-3755

Smitgátarflokkar breytast skv. skilgreiningu LSH. Um er að ræða breytingar á heitum flokka, viðbætur og úreldingum á ónotuðum skilgreiningum. Eldri skráningar eru þó í fullu gildi og breytast ekki. Eftir breytingu er listinn sem hér segir:

- AmpC (ESBL-M)
- ESBL (ESBL-A)
- Karbapenemasi (ESBL-karba)
- MÓSA/MRSA
- VÓE/VRE (Vancomycin ónæmir enterococcar)
- Aðrar fjölnæmar bakteríur
- Annað

## Aðvaranir sjúklings, skráning - Leita með Ctrl-F í lyfjalista.

SAG-2452

Hægt er að nota Ctrl-F takkann til að hefja leit í lyfjalista fyrir ofnæmisskráningu.

## Aðvaranir - Meðferðarstig

SAG-5034

Nú er birt hvenær meðferð var skráð með textanum "Skráð 27.11.2015".

## Aðvaranir/snjórn - Skráning ofnæmis

SAG-4918

- Bætt var við fellilistanum „Upplýsingar fengnar frá“ á eftir „Stigun ofnæmis“.
- Heitinu á „Ofnæmi staðfest með rannsókn“ var breytt í „Ofnæmi“ í fellilistanum „Stigun ofnæmis“.
- Eldri ofnæmisfærslur voru uppfærðar:

- „Staðfest með rannsókn“ var sett í svæðið „Upplýsingar fengnar frá“ fyrir færslur með stigun „Ofnæmi“.
- „Sjúklingi/aðstandanda“ var sett í svæðið „Upplýsingar fengnar frá“ fyrir allar færslur þar sem stigun er ekki „Ofnæmi“.

„Upplýsingar fengnar frá“ var ekki bætt við vefþjónustur fyrir Heilsugátt og ekki heldur í Therapy samþættinguna og er því ekki sýnilegt í þeim kerfum.

## Biðlisti (gaWaitingList)

## Eyðublað - Beiðni um meðferð/rannsókn #377

SAG-463

Á eyðublaðið var bætt við möguleika á að velja hvort bréf hafi verið sent. Notandi getur hakað við hvort bréf hafi verið sent. Upplýsingar um hvort bíf hafi verið sent eru vistaðar með eyðublaði.

Biðlisti - Meðferð

Dálkinum "Bréf sent" var bætt við meðferðarlistann þar sem fram kemur hvort bréf hafi verið sent.

## Biðlisti og eyðublaðið „Beiðni um meðferð/rannsókn #377“

SAG-383

Búinn hefur verið til nýr listi ef hætt er við innlögnum í „Beiðni um meðferð #377“. Listinn er númer 515 í G\_GROUP og er frumstilltur sem afrit af lista 15 sem var notaður áður. Þetta er gert til að aðskilja listann frá þeim sem notaður er fyrir blaðið „(or) Innlagningarbeiðni - #9“ þegar hætt er við innköllun í biðlista. Kerfisstjóri getur breytt þessum lista.

## Meðferðarbiðlisti - Staðsetning

SAG-3772

Nú sést staðsetning meðferðar hafi hún verið skráð í eyðublaðinu Beiðni um meðferð #377.

## Biðlisti - Meðferðarbiðlisti

SAG-2267

Dálkinum Aldur hefur verið bætt við biðlistann fyrir Meðferð. Þar er aldur einstaklings sýndur miðað við fæðingardag í Persónuupplýsingar.

## Biðlisti - Meðferðarbiðlisti

SAG-505

- Þegar beiðni um meðferð er samþykkt (sett á biðlista) þá eru skilaboð þess efnis send til undirritaðs aðila á viðkomandi beiðni.
- Sé beiðninni hafnað eða hætt við meðferð eru skilaboð þess efnis ásamt ástæðu, send til undirritaðs aðila á viðkomandi beiðni.
- Hvort þessar sendingar eru virkar stjórnast af nýju stillgildi 165 - *Senda póst ef beiðni um meðferð er samþykkt/hafnað*

## Dagbók sjúklings

## Meðferðarskráning - Dagbók sjúklings

SAG-3379

Nú sjást öll leyfi sjúklings í dagbók viðkomandi.

## Ný stundaskrá fyrir sjúkling í dagbók

SAG-3255

Nú er hægt að prenta stundaskrá sjúklings með því að yta á takkann "Stundaskrá" sem staðsettur er undir dagatölum í dagbókareiningunni. Stundarskráin birtir stutt heiti tímabókana sjúklings úr afgreiðslukerfi sem búið er stilla í gagnagrunni að eigi að birtast. Eins birtir stundaskráin alla aðra viðburði sjúklings eins og leyfi, viðburði utan Sögu og dagbókarviðburði.

Hægt er að prenta þessa stundaskrá á auðveldan hátt.

Stundaskráin birtir einungis tíma í 15 mínútna gluggum og þeir tímar sem hefjast á öðrum tímum eru námundaðir að næstu 15 mínútum á undan.

Dæmi:

Raunverulegur tími: 10:20 - 10:40

Tími birtur í stundaskrá: 10:15 - 10:45

## Dagplan deildar

## Dagplan - Ný eining

SAG-4703

Dagplan deildar hefur verið tekið úr meðferðareiningu og er nú í sérstakri einingu "Dagplan deildar". Einingin tilheyrir möppunni "Sjúklingar". Stilligildi 132 "Sýna dagplan í meðferð" er nú úrelt og merkt sem slíkt.

## Dagar frá aðgerð - dálki bætt við

SAG-4646

Dálkinum Dagar frá aðgerð (DFA) bætt við dagplan. Dálkurinn telur fjölda daga frá síðasta aðgerðadegi. Dálkurinn er reiknaður út frá eyðublaðinu aðgerðarlýsing #11. Ekki skiptir máli hvort blaðið er staðfest eða óstaðfest.

## Dagplan deildar

SAG-4763

Nú er hægt að velja deild sem birta á dagplanið fyrir. Deildirnar sem hægt er að velja eru legudeildir sem innskráður notandi hefur aðgang að.

## Dagplan og sértækt dagplan sameinuð

SAG-4240

Dagplan og Sértækt dagplan hafa verið sameinuð í eina sýn sem heitir Dagplan. Bætt var við skráningarmöguleikum en nú er hægt að skrá; hreyfingu, fæði, fyrirhugaða útskrift, innrennsli (infusion), aðgerðir og rannsóknir, hjúkrunarfræðing/sjúkraliða.

Hægt er að skrifa haus og fót fyrir dagplanið. Þeir eru vistaðir fyrir deild, þannig að allir á sömu deild sjá sama haus og fót. Í haus er hægt að skrá 4 atriði en í fæti 6 atriði þar sem 2 eru sett upp eins og fyrirsagnir.

Í nýju dagplani eru allir dálkar sem hægt er að skrá í ásamt þeim dálkum sem voru áður í almenna og sértæka dagplaninu. Eins og áður er hægt að velja um dálka og raða eftir þeim. Við prentun raðast merktir einstaklingar efst, síðan er raðað í stofuröð. Í eldri útgáfu voru aðeins merktir einstaklingar prentaðir út.

## Dagplan deildar

SAG-5070

Nú birtast ekki í dagplaninu þeir sjúklingar sem eru innritaðir fram í tímann og sjúklingar sem ekki eru staðfestir inn á deild. Gerðar voru breytingar á fyrirsurninni á bak við dagplanið sem gera það hraðvirkara.

## Eyðublað

## Rafrænar sendingar á Hreyfiseðli #99 - Utanaðkomandi kerfi

SAG-4724

Nú geta utanaðkomandi kerfi sent Hreyfiseðil #99 rafrænt með Heklu yfir í Sögu. Þessi virkni kom inn í 3.1.37.17 en þar gleymdist að útfæra virkni sem „import-ar“ kóðuðum atriðum og lyfjum. Gögnin sem eiga að birtast á blaðinu eru hjúpuð í XML skjali. XSD skema sem hægt er að „validate-a“ á móti auk XML-sýnidæmis má finna hér: <http://thjonusta.emr.is/documents/Saga/RafrænarSendingarSchema/Hreyfisedill/ExerciseSheet.zip>

## Eyðublað TR-V tilvísun til hjartalækna (#396)

SAG-4673


Þetta eyðublað ætti ekki að vera í notkun lengur. Ef þarf að senda tilvísun er notendum bent á eyðublaðið Tilvísun sem er númer #196. Það blað er hægt að senda rafrænt.

## Eyðublað - Lyfseðill #187, (lv) lyfseðill #292 og Lyfseðill fyrir undanþágulyf #443


SAG-3225

Nú kemur viðvörðun ef reynt er að afrita eyðublað af gerðinni Lyfseðill #187,(lv) Lyfseðill #292 og Undanþágulyfseðill #443, ef að valinn sjúklingur hefur ofnæmi fyrir lyfi á lyfseðlinum.

Viðvörðun birtist ef ATC kóði lyfs inniheldur 7 stafi ATC kóða sem ofnæmi er skráð fyrir.



Viðvörðun birtist ef ATC kóði hefur fyrstu 5 stafina af ATC kóða sem ofnæmi er skráð fyrir.



#### Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

SAG-3360

Textasvæði undir kaflanum Umræða og áhrif stækkað í 20 línur á skjá.

#### Eyðublað - Læknisvottorð vegna ferðatrygginga (SFF) #537

SAG-3258

Bætt var við nýju blaði sem inniheldur skráningaratriði fyrir læknisvottorð vegna ferðatrygginga.

#### Eyðublað - "TR-V Beiðni um viðbótar/langtímameðf. í talþjálfun"

SAG-3020

Bæst hefur við nýtt eyðublað "TR-V Beiðni um viðbótar/langtímameðf. í talþjálfun" með stutta heitið "TR-V talþj.viðb".

#### Bráðamóttökuskrá #418 - Velja viðtakendur fyrir útprentun

SAG-3052

Þegar notandi velur að prenta eyðublað getur hann valið hvaða viðtakendur þurfa útprentun, svo framarlega sem fleiri en einn mögulegur viðtakandi sé til staðar. Einungis eru prentuð eyðublöð fyrir þá viðtakendur sem notandi velur.

#### Eyðublað - Umsögn um rannsókn #411

SAG-2717

Dagsetningu beiðni bætt við kaflann Svar. Dagsetningin er afrituð úr beiðni þegar það á við en einnig er hægt að slá inn í svæðið viðeigandi dagsetningu. Textasýn fyrir eyðublaðið var breytt, en í hana vantaði upplýsingar um dvalarstað og allar upplýsingar um svar. Hvorutveggja var bætt við textasýn.

#### Eyðublað - Innlagningarbeiðni á Reykjalund #347

SAG-2711

Eyðublaði var breytt til samræmis við nýtt eyðublað Reykjalundar. Upplýsingar um nafn og símanúmer aðstandanda eru skráðar handvirkt bætt var við möguleika á að velja hvort sjúklingur sé tengdur VIRK. Gerðar voru breytingar á sjúkdómsgreiningarkafli þar sem bætt var við svæðum um starfsgetu og skerðingu og svæði um rannsóknarniðurstöður og sjúkrahúslegur tekin út ásamt kaflanum "Geta".

Í kaflann "Annað" var bætt við LPS og valmöguleikum fyrir teymi ásamt upplýsingum um eftirfylgd. Undir kaflann "Lyf" var bætt við svæði vegna reykinga.

#### Eyðublað - TR-V beiðni um iðjuþjálfun #403

SAG-2778

Upplýsingar um Sjúkratryggingar Íslands bætt við eyðublað #403 fyrir ofan kaflann "Persónuupplýsingar".

#### Eyðublað - TR-V Læknismeðferð erlendis #335

SAG-2782

Breyttar upplýsingar um fylgd yngri en 18 ára. Heimilisfang Sjúkratrygginga lagfært.

#### Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418

SAG-3004

Á "Bráðamóttökuskrá" eb418 er kominn hnappur í kaflana "Umræða og afdrif" sem heitir "Afrita lyf" til að afrita ávísuðum lyfjum af staðfestum lyfseðlum í sömu samskiptum.

#### Eyðublað #536 - Greinargerð með beiðni um staðfestingu vegna augasteinsaðgerðar

SAG-2802

Nýju eyðublaði bætt við Sögu. Hefur fengið heitið *Greinargerð með beiðni um staðf. augasteinsaðg.*, stutta heitið eða skammstöfun *Augasteinsaðg.* Það hefur fengið númer #536.

#### Eyðublað - Beiðni um staðfestingu vegna augnsteinsaðgerðar #535

SAG-2803

Nýtt eyðublað bætt við Sögu. Heitir *Beiðni um staðfestingu vegna augasteinsaðgerðar #535*. Stutt heiti *Augasteinsaðg.*.

## Eyðublað - Bráðamóttökuskrá #418 - Lífsmörk

SAG-2995

Þegar lífsmörk eru sótt er nú leitað að fyrstu færslu frá innritunardagsetningu fram að útskrifardagsetningu. Hafi sjúklingur ekki verið útskrifaður er leitað fram til þess tíma þegar aðgerðin er framkvæmd.

Einnig hefur heiti hnapps sem sækir lífsmörk verið breytt í *Sækja lífsmörk*.

## Breytingar á grunnvottorði læknis vegna nýrnabilunar

SAG-4579

Sí óskaði eftir því að þessu vottorði yrði breytt þannig að ekki væru tveir flokkar einstaklinga:

1. Einstaklingur í blóðskilun/kviðskilun
2. Aðrir

Heldur aðeins:

- Einstaklingur m/lokastigs nýrnabilun

## Eyðublað - Umsókn um undanþágu v/lýtalækninga #423

SAG-3738

- Við kaflann tegund meðferðar var bætt innsláttarsvæði fyrir nánari upplýsingar.
- Nýjum kafla, "Fylgiskjal með umsókn" bætt við þar sem notandi getur skráð hvort vottorð um skerta líkamsfærni fylgi umsókn.
- Heimilisfangi Sjúkratrygginga breytt í haus eyðublaðs.

## Kóðaleit fyrir hjálpartæki (#342)

SAG-4231

Kóðaleit fyrir hjálpartæki virkar nú þannig að einnig er leitað eftir leitarorði í skilgreiningum (C\_DEFINITION.DEFINITION\_TEXT) fyrir skilgreind hjálpartæki, en þar eru geymd algeng orð og textar fyrir hjálpartæki. Ef leitarstrengur finnst í textunum er hjálpartækið birt í leitarniðurstöðu þótt leitarstrengur komi ekki fyrir í heiti þess í C\_S\_CODING\_SEARCH.

Ef notandi velur að leita í byrjun heitis er samt sem áður leitað allsstaðar í skilgreiningartextum (C\_DEFINITION.DEFINITION\_TEXT).

## Breytingar á Bráðamóttökuskrá #418

SAG-4040

Kaflarnir meðferð og greiningar voru minnkaðir þannig að nú sjást aðeins tvö skráð atriði en voru áður þrjú. Kaflinn afrit var minnkaður þannig að nú sést aðeins einn einstaklingur sem fær afrit í stað tveggja áður.

## Eyðublað - Beiðni læknis um þjónustu hjá VIRK #444

SAG-3951

- Fyrirsögn blaðsins breytt í "Beiðni læknis um þjónustu hjá VIRK".
- Í kaflann "Starf" var bætt við upplýsingum um um framfærslu sjúklings.
- Köflunum "Vinnusaga", "Heilsubrestir" og "Tillögur læknis að úrræðum í starfsendurhæfingu" var bætt við eyðublaðið og kaflinn "Rannsóknir" tekin út.
- Skýringartextum í köflunum "Endurhæfing" og "Áfengi, lyfjaneysla eða vímuefnaneysla" breytt og bætt við leiðbeiningartexta neðst á eyðublað.

## Eyðublað - Tilkynning um fæðingu #167.

SAG-2258

Bætt var við eftirfarandi svæðum :

- Í kaflann Meðganga og fæðing.
  - Reykir við fyrstu mæðraskoðun. Val í reit: já, nei, ekki þekkt
  - Reykir á 32 viku meðgöngu. Val í reit: já, nei, ekki þekkt
  - ph í slagæð
  - ph í bláæð

## Eyðublað - Samskiptaseðill (#36)

SAG-1927

Reitum fyrir Líkamsfítuhlutfall, súrefnismettun og kólesteról bætt við kaflann Mælingar.

Samsvarandi upplýsingum bætt við glugga fyrir mælingar sem tengist seðlinum.

## Rafræn eyðublað

SAG-1817

Nú er hægt að senda "TR-V umsókn um örorkubætur" (eb 390) til Tryggingastofnunar rafrænt með Heklu.

## Eyðublað - Bréf og greinargerðir #75

SAG-1400

Bætt var við kaflanum „Afrit“.

## Rafræn læknabréf - Nú er hægt að senda viðhengi með Læknabréfi #186

SAG-4003

Þegar eyðublað af tegund Læknabréf er sent rafrænt milli stofnana er nú hægt að senda viðhengi með sem vistast í gagnagrunni þeirrar stofnunar

sem rafræna læknaþréfið var sent til.

### Eyðublað - Beiðni um hjálpartæki(#342) - Flýtafgreiðsla


SAG-2884

Nú er hægt að haka við að beiðni um hjálpartæki eigi að fá flýtafgreiðslu. Hakið sendist með þegar blaðið er sent rafrænt.

### Eyðublað - (or) Sjúkraskrá #15

SAG-3129

Nú birtist innlagnardeild með í listanum yfir innlagnarbeiðnir sem boðið er upp á að afrita af þegar blaðið er búið til. Sjá meðfylgjandi mynd:



### Samskiptaseðil - flýtilistar #193

SAG-4604

Lýsing starfsmanns kafinn sýnir nú níu línur í einu.

Einnig er hægt að ýta á takkann Textagluggi til að fá enn meira plás til að vinna með textann.

### Eyðublað - Beiðni um hjálpartæki #342

SAG-4459

Búið hefur verið til stilligildi sem stjórnar því hversu stórar skrár í MB er hægt að senda með hjálpartækjabeiðni. Stilligildið er númer 168. Sjálfgefið gildi er 2,5mb

### Eyðublöð - Dagdeildarskrá #442 - Rafræn sending

SAG-4546

Nú er hægt að senda dagdeildarskrá rafrænt á milli stofnana á sama hátt og önnur eyðublöð eru send rafrænt.

### Eyðublað - TR-V endurhæfing (#71)

SAG-5133

Textinn "Tryggingastofnun greiðir lækni fyrir vottorðið" neðst á eyðublaðinu hefur verið fjarlægður.

### Eyðublöð (gaSheetModule)

#### Eyðublöð #381 og #529 flutt á milli kafa

SAG-325

Eyðublöðin „Beiðni um myndgreiningu (Orkuhúsið)" (#381) og „Beiðni um myndgreiningu (Röntgen Domus)" (#529) hafa verið færð úr kaflanum fyrir bréf og greinargerðir í rannsóknakafli í Eyðublöðum þar sem stöðluðu beiðnina „Beiðni um myndgreiningu" (#355) er einnig að finna.

#### Stillingar - Stilligildi 1078

SAG-4207

Stilligildi 1078 er ekki lengur virkt í kerfinu og er ekki sýnilegt í einingunni Stillingar.

#### Eyðublöð - Sýn á lotur

SAG-3450

Val notanda á því hvort hann vilji sjá ófráengnar lotur er vistað með öðrum stillingum notanda.

#### Eyðublöð - Virkjun á komu þegar blaði er bætt í samskipti


SAG-3470

Nú er koma sem búið er að samþykkja ekki lengur opnuð ef blaði sem er ekki í stilligildi 1086 (Listi af eyðublöðum með ADT kóða) er bætt í samskipti.

#### Eyðublaðaeining - Hefja ný samskipti

SAG-3003

Þegar hægri smellir er á lotu eða innlögn er nú hægt að velja að hefja ný samskipti með því að nota forstillt sniðmát.



### Eyðublöð - Sending blaða milli lækna og ritara

SAG-2945

Ef læknir hefur fengið blað sent frá ritara er nú sjálfkrafa stungið upp á viðkomandi ritara ef notandinn velur aðgerðina *Undirrita og senda/skila á ritara* en áður hét aðgerðin *Undirrita og senda á ritara*

### Stillingar - Stillingildi 125

SAG-4105

Stillingildi 125 er ekki lengur virkt í kerfinu og er ekki sýnilegt í einingunni Stillingar.

### Lyf við útskrift og tenging við Therapy Medication Management

SAG-4024

Stillingildi [SETUP\_VALUE\_TMM\_MANAGES\_MEDICATIONS: integer = 1092] stjórna hvort hægt sé í eyðublaði #12 ((or) læknabréf) að afrita lyf við útskrift beint úr TMM kerfinu.

Í test umhverfinu hjá LSH er þetta líklegast [http://smswebdev01.lsh.is:9000/therapy/TMMPrescriptionInfo.svc\\_](http://smswebdev01.lsh.is:9000/therapy/TMMPrescriptionInfo.svc_)

Innlagnarkóðinn sem sendur er sem færíbreyta inn í vefþjónustukall TMM er nýjasta innlögnin í Sögu (ORG\_ADM\_ID). Ef Advania hefur verið að nota annan kóða, þá má útfæra/breyta function í gagnagrunninum sem skilar kóðanum sem skal nota miðað við einkvæmt númer sjúklings. Þessi function heitir **TMM\_ADMISSION\_CODE(patientid IN NUMBER)** og skilar streng.

### Eyðublöð - Úrelding blaða

SAG-1735

Eyðublöð sem tengdust HNLFI voru fjarlægð úr Sögu. Eyðublöðin eru eftirfarandi:

- 188 (nf) Innlagningarblað
- 189 (nf) Sjúkraskrá (beiðni)
- 190 (nf) Útskriftarnóta
- 191 (nf) Samskiptaseðill
- 192 (nf) Meðferðarseðill hjúkrunar
- 223 (nf) Beiðni um meðferð
- 290 (nf) Meðferð
- 397 (nf) Innlagningarblað - forsiða

Blöðin eru því ekki lengur aðgengileg í Sögu og búið að merkja þau sem úrelt í grunni.

### Forgangsheiti í úrlausnum

SAG-5097

Fleiri kóðar hafa nú verið skilgreindir sem forgangsheiti í úrlausnum. Um er að ræða kóða úr IC-P-PC og örfáa úr ATC.

### Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

#### Forsíða sjúklings - Lyfjaendurnýjun á undanþágulyfjum

SAG-4881

Nú þarf ekki lengur að slá inn tölvupóstfang læknis þegar undanþágulyf er endurnýjað.

#### Forsíða sjúklings - Lyfjakort

SAG-4629

Heiti á kaflanum í forsiðu sjúklings sem áður hét "Lyf" hefur verið breytt í "Lyfjakort" til samræmis við annað í Sögu.

#### Hjúkrunaryfirlit - Splitter til að fella upplýsingaskrá til vinstri

SAG-3523



Bætt við splitter þannig að nú er hægt að smella á pinna í upplýsingaskrá til að fella þann kafla að vinstri hlið. Einnig er möguleiki á að stilla breiddina á upplýsingaskrá og framvindunótum með því að draga til skiptinguna á milli kaflanna tveggja. Fyrirsagnir færðar til samræmis.

### Forsíða sjúklings - Verkjaskráningar í hjúkrunaryfirliti

SAG-3107

Verkjaskráning í hjúkrunaryfirliti á forsíðu sjúklings uppfærð. Nú eru tveir dálkar, annar fyrir styrk verks í hvíld en hinn fyrir styrk við hreyfingu. Þessi breyting er til samræmis við breytt skráningarform fyrir verkjaskráningu í mælingaeiningu, sbr. ~~SAG-1923~~.

### Forsíða sjúklings - Velja afgreiðslu fyrir listann „Mættir“

SAG-3174

Felliista bætt við haus listans „Mættir“ á Forsíðu sjúklings þar sem hægt er að velja að sía eftir þeim afgreiðslum sem heyra til innskráningardeildar notanda.



### Lyfjaendurnýjun í Lyfseðlaskrá: Afgreidd lyf

SAG-2702

Aðgerðin lyfjaendurnýjun var færð úr griddi í aðgerðarhnapp

### Forsíða sjúklings - Rafræn eyðublöð -> Rafræn bréf

SAG-3166

Heiti á einingu/kafla **'Rafræn eyðublöð'** breytt í **'Rafræn bréf'**.

- ▶ Eyðublöð \_\_\_\_\_
- ▶ Hjúkrunargreiningar \_\_\_\_\_
- ▶ Fyrirmæli læknis \_\_\_\_\_
- ▶ **Rafræn bréf** \_\_\_\_\_
- ▶ Heilsufarssaga \_\_\_\_\_
- ▶ Fiölskvíðusaga \_\_\_\_\_

### Forsíða sjúklings - Lyfjaendurnýjun

SAG-2798

Þegar lyf er endurnýjað í forsíðu sjúklings og VERU samskiptaborði er alltaf búinn til samskiptaseðill og hægt er að velja ICD-10 greiningar til að vandaliða við.

### Forsíða sjúklings - Lyfjaendurnýjun fyrir undanþágulyfseðla í lyfjakorti

SAG-4081

Nú er hægt að endurnýja undanþágulyfseðla í Lyf kaflanum í forsíðu sjúklings.

Til að hægt sé að endurnýja undanþágulyfseðla í Lyf kaflanum þarf stilligildi 1026 að vera stillt á 443 og sending undanþágulyfseðla þarf að vera virk í kerfinu. Endurnýjunin virkar eins og fyrir venjulega lyfseðla, þ.e. búinn er til lyfseðill og samskiptaseðill og lyfseðillinn er síðan sendur rafrænt, fyrir utan það að það þarf meiri upplýsingar með undanþágulyfseðli eins og t.d. rökstuðning læknis, tölvupóstfang læknis og hvaða apótek senda á lyfseðilinn í.

### Hjúkrunargreiningar - Framvindunótur

SAG-4237

Upplýsingar um framvindunótur sem eru í toltip, voru samræmdar við meðferðareiningu. Þá hefur útlit á framvindunótum verið samræmt við meðferðareiningu bæði í hjúkrunargreiningum og hjúkrunaryfirliti.

### Forsíða sjúklings - Atvik einstaklings

SAG-2338

Bætt við leitar möguleika í Atvik, Ítargluggan (expanded view).

Leitað er í öllum strengjum hvers atviks.

### Lyfjaendurnýjun - Ofnæmi og öryggisflaggað lyf

SAG-2046

Aðvaranir um ofnæmi og öryggisflaggað lyf birtast nú strax þegar verið er að gera lyfjaendurnýjun í Forsíðu Sjúklings og VERU samskiptaborði

dag	27.01.2015	hylki	D11AH04	10 mg	Í dag
mi á dag	25.06.2014				
dag	25.06.2014				
dag	16.10.2014				
dag					

**Viðvörðun**

**Lyfið TOCTINO er öryggisflaggað.**

Vegna áhættu við notkun þessa lyfs hafa lyfjafirvöld gert kröfu um aðgerðir til að draga úr áhættu.

[Nánari upplýsingar](#)

Um öryggisflagganir Áfram

**ATH: Einstaklingurinn er hugsanlega með ofnæmi fyrir þessu lyfi.** Senda

Ofnæmi skráð 2.2.2015 við: A02BX02 (ANTEPSIN)

### Forsíða sjúklings - Nýr kafli "Rafræn vottorð"

SAG-1759

Í forsíðu sjúklings hefur verið bætt við einingu sem sýnir rafrænar vottanir. Þessi eining sýnir eftirtalin eyðublöð:

- 51 TR-V lyfjaskírteini
- 390 TR-V umsókn um örorkubætur
- 400 TR-V grunnvottorð læknis vegna krabbameins
- 413 TR-V grunnvottorð læknis vegna nýrnabilunar
- 532 TR-V Þakskírteini SI vegna lyfjakostnaðar
- 534 TR-V Grunnvottorð til umsóknar um hjálpartæki
- 225 Skýrsla læknis um meintan atvinnusjúkdóm
- 405 Tilkynning um aukaverkun vegna lyfs

### Forsíða sjúklings - Afrita gögn

SAG-1801

Notandi getur valið öll gögn og afritað úr eftirfarandi listum í Forsíðu sjúklings: Bólusetningar, Læknabréf, Eyðublöð, Viðhengi og Rafræn eyðublöð. Með afrituninni fylgja dálkhausar úr listanum.

### Forsíða sjúklings - Göngudeildarnótur

SAG-1282

Heiti á dálkunum Kóði og Greining breytt í Aðalkóði og Aðalgreining, aðrar greiningar innan lotu birtast í nýjum dálki; Aðrar greiningar í ítersýn er ekki lengur sjálfkrafa hópað eftir Ferillotu.

### Forsíða sjúklings - Aðstandendur

SAG-1140

Upplýsingar um aðstandendur gerðar aðgengilegar á forsíðu sjúklings. Fram koma upplýsingar um aðstandanda, tengsl hans við sjúkling og hvernig hægt er að hafa samband við viðkomandi. Einnig koma fram upplýsingar um hvort viðkomandi sé nánasti aðstandandi, hafi forræði og hvort veita megi upplýsingar. Bold texti á nafni aðstandanda segir til um hvort viðkomandi eigi skráð sjúkragögn. Úr ítarlegu (expanded view) er aðgengi að skráningarglugga með hnappnum 'Skrá aðstandendur'.

### Lyfjakort, starfsmannakort og sjúklingakort

SAG-1018

Afskráð lyf birt með gráum font í sjúklingakorti, lyfjakorti og starfsmannakorti

### Forsíða sjúklings - Mælingar (stækkuð mynd)

SAG-884

Bætt við tökkum til að sía eftir tímabili.



### Forsíða sjúklings - Hjúkrunaryfirlit

SAG-722

Textasýn fyrir framvindunótur í hjúkrunaryfirliti í Forsíðu sjúklings birtir nú deildirnar sem hjúkrunargreiningar og framvindunótur tilheyra.

### Forsíða sjúklings og undirkaflar

SAG-1205

Notandi getur notað back-takkann á mús eða backspace til að fara til baka í forsíðueiningu. Einnig er hægt að nota back-takkann fyrir vafra á þeim lykilorðum sem hafa hann.

## Forsíða sjúklings (Lyfseðlaskrá)

## Forsíða sjúklings - Lyfseðlaskrá

SAG-4644

## Kaflarnir:

- Lyfseðlaskrá: Óútleyst lyf
- Lyfseðlaskrá: Afgreidd lyf

Í forsíðu sjúklings eru núna með heitunum:

- Lyfjagrunnur: Óútleyst lyf
- Lyfjagrunnur: Afgreidd lyf

Textar í viðmóti í forsíðu sjúklings og spjallborði Veru minnst nú á lyfjagrunn í staðinn fyrir lyfseðlaskrá.

## Forsíða sjúklings - Lyfseðlaskrá: Óútleyst lyf

SAG-2853

Hægt er að prenta út yfirlit yfir virka lyfseðla í Lyfseðlaskrá: Óútleyst lyf í forsíðu sjúklings.

## Forsíða sjúklings - Afgreidd lyf

SAG-2582

Lyf eru nú flokkuð saman samkvæmt ATC kóða, styrk og hvort lyf sé í skömmtun og nýjasta afgreiðslan er sýnd í töflunni. Í svæði neðan við töfluna birtast aðrar afgreiðslur í sama flokki, raðað eftir dagsetningu.

## Forsíða sjúklings - Lyfseðlaskrá

SAG-2491

Rafrænt lyfseðlanúmer kemur nú fram í textasýn í Lyfseðlaskrá í forsíðu sjúklings

## Forsíða sjúklings: Óútleyst lyf í lyfjagrunni Landlæknis

SAG-4067

Listi yfir óútleyst lyf sjúklings inniheldur ekki lengur upplýsingar um fjölnota pappírlyfseðla. Upplýsingatexta fyrir ofan lista hefur verið breytt til að skýra nýja virkni lista betur.

## Gagnagrunnur

## Skilaboð - Senda póst á deild með nafni lengra en 50 stafir.

SAG-3295

Nú kemur ekki lengur villa ef póstur með viðhengi er sendur á deild sem er með deildarnafn sem er lengra en 50 stafir.

## Safntöflur fyrir klínískar rannsóknarniðurstöður

SAG-2400

Gagnabreytingaþjónustan fylgist núna með eyðublöðunum (or) Aðgerðalýsing (11), Taugarannsóknir (339) og Umsógn um rannsókn (411).

Ef breyting á sér stað í þessum eyðublöðum og uppfylla skilyrðin sem eru sett í view-unum V\_TL\_LSH\_CLINICALRESULTS\_EB11, V\_TL\_LSH\_CLINICALRESULTS\_EB339, V\_TL\_LSH\_CLINICALRESULTS\_EB411 að þá insertast færsla í töfluna TL\_LSH\_CLINICAL\_RESULTS.

## Kerfisumsjón (gaAdministrator)

## Kerfisumsjón - Logganir

SAG-619

Kerfisumsjón - Logga stofnun á notendaaðgangi og allar breytingar sem gerðar eru á honum og aðgangi hans

## KIOSK (komuskráning)

## Afgreiðsla - Staðfesting á komu með snertiskjá

SAG-4533

Einstaklingar sem eru skráðir með einhverja flöggun í Sögu fá núna skilaboð um að snúa sér til afgreiðslu þegar þeir ætla að staðfesta komu með snertiskjá.

## Legur (gaADTAdmissions)

**Legur - Útþrentun límmiða**

SAG-4234

Útliti og leturgerð límmiðaprentunar hefur verið breytt til samræmis við þá sem notuð er í afgreiðslukerfinu. Einnig var stilligildi 166 bætt við en það stýrir því hvort heimilisfang (síðasta línan á miðanum) er prentað.

**Lega - Kerfissjúklingur**

SAG-4958

Nú er ekki skipt um kerfissjúkling þegar legueiningin er opnuð og kerfissjúklingurinn er ekki á legulistanum. Það sama á við ef önnur deild er valin í deildarlistanum sem kerfissjúklingurinn er ekki á.

**Lyfjakort (gaMedCard)****Lyfjakort - Lyfjasaga**

SAG-4047

Nýr dálkur í lyfjasögu í Lyfjakorti einstaklings, Afskráð, segir til um hvort lyf er afskráð í lyfjaverðskrá eða í gildi. Afskráð lyf litast einnig grá í töflunni fyrir lyfjasögu.

**Lyfjaleit****Lyfjaleit - Samvirknilyf**

SAG-3444

Nú er hægt að velja samvirknilyf inn á lyfseðil í lyfjaleit með því að smella á lyfið og slá á <Enter> eða með því að tvismella á lyfið.

**Límmiðar (útþrentun)****Afgreiðsla - Prentun límmiða**

SAG-2209

Þegar prentaðir eru út límmiðar fyrir tímabókanir þá er nafn sjálfgefinnar komudeildar viðkomandi aðfangs sýnt fyrir aftan tímasetningu tímabókunar sé ekki til koma fyrir viðkomandi tímabókun. Athugið að engar upplýsingar prentast um endurkomudeildina eins og gerist ef prentað er og til er koma fyrir tímabókunina.

**Meðferðarskráning (gaTreatment)****Meðferðarskráning - Athugasemdir við verkþætti**

SAG-406

Athugasemdir við verkþætti í ferlum eru nú birtir í Ferlissögu. Verkþættir eru nú feitletraðir í Ferlissögu.

**Skráning hjúkrunargreininga**

SAG-4623

Þegar skráningargluggi fyrir hjúkrunargreiningar er opnaður er nú fókus á flýttivali fyrir deildargreiningar og notandi getur valið með örvunum greiningu úr listanum.

**Hjúkrunarferli**

SAG-4393

Athugasemdir sem skráðar hafa verið á verkþætti eru nú birtar undir Hjúkrunarferli - Framvindunótum og Framvindusögu. Einnig er hægt að sjá hvort verkþáttur hafi verið framkvæmdur ásamt þeim athugasemdum sem skráðar voru við framkvæmd og leiðbeiningar sem skráðar eru fyrir verkþátt.

**Meðferðarskráning - Flýtihnappur fyrir skráningu mælinga**

SAG-1785

Nýr hnappur til að opna skráningaglugga fyrir mælingar undir hjúkrunarferli. Hnappurinn opnar skráningarglugga fyrir allar mælingar og kemur í staðinn fyrir hnapp sem opnaði aðeins á skráningar fyrir verki.

**Meðferðarskráning - Birta ferli opið**

SAG-4879

Nú ætti Birta ferlið opið hakið að opna allar greiningar í hjúkrunarferli einstaklings í staðinn fyrir einungis eina eða tvær greiningar.

**Meðferðarskráning - Framvindunótur og framvindunótusaga**

SAG-4858

Nú eru dagar og tími fremst í framkvæmd verkþáttar línu grá á litinn. Einnig eru athugasemdir frá skráningu verkþáttar og athugasemdir við framkvæmd verkþáttar gráar á litinn.

#### Hjúkrunarferli - Athugasemdir við verkþætti

SAG-3980

Athugasemdir sem skráðar hafa verið á verkþætti eru nú birtar undir Hjúkrunarferli - Framvindunótum og Framvindusögu. Nú er hægt að sjá hvort verkþáttur hafi verið framkvæmdur ásamt þeim athugasemdum sem skráðar voru við framkvæmd og leiðbeiningar sem skráðar eru fyrir verkþátt.

#### Meðferðarskráning - Framvindunótur og framkvæmd verkþátta

SAG-4847

Nú varar kerfið einungis við að gögn geti tapast þegar skráningarglugganum er lokað með óvistuð gögn.

### Mælingar (gaMeasurements)

#### Mælingar - Lífsmörk og súrefni - Athugasemdarreitir

SAG-1726

Í skráningargluggann fyrir lífsmörk og súrefni er kominn reitur fyrir athugasemdir. Þessi reitur er ætlaður fyrir almennar athugasemdir sem tengjast þeirri mælingu sem er verið að skrá hverju sinni.

Hægt er að sjá athugasemdartextann í nýjum dálki í lífsmarka og súrefnis töflunni.

#### Eyðublöð - Bráðamóttökuskrá #418 - kafliinn Lífsmörk og mælingar

SAG-2590

Virkni - afritun.

Virkni breytt þannig að ef sjúklingur á ekki skráð lífsmörk í viðkomandi legu þá er birtur upplýsingagluggi með skilaboðum. Ef sjúklingur á skráð lífsmörk en sem ekki tengjast lotu eru birtar upplýsingar um síðan hvenær þau lífsmörk eru, ef sjúklingur á engin skráð lífsmörk eru birt skilaboð þess efnis.

#### Mælingar - Uppfærð línurit fyrir verkjaskráningu

SAG-3108

Línurit fyrir verkjaskráningu í mælingaeiningu uppfærð sbr. ~~SAG-1923~~.

#### Lífsmörk og mælingar - Mat á sjálfsbjargargetu

SAG-2781

Nú er hægt að slá inn upplýsingar í mati á sjálfsbjargargetu og láta kerfið reikna út Barthel stig fyrir einstakling.

Sjá nánar í Sögu hjálpinni.

#### Mælingar - Innláttur fyrir vaxtarlínurit barna

SAG-2386

Bætt við innláttarsviði fyrir dagsetningu.



Þessi breyting einfaldar innlátt á eldri gögnum þar sem ekki þarf lengur að fletta í dagatali til að finna rétta dagsetningu.

#### Mælingar - Lífsmörk og súrefni

SAG-1828

Bætt við mælingunni, miðgildisslagæðarþrýstingi (Mean Arterial Pressure) undir "Blóðþrýstingur" í skráningarglugga. Bætt við dálki í Lífsmörk og súrefni - Tafla fyrir nýju mælinguna. Gildi fyrir mælingu er reiknað í skráningarviðmóti. Gildið er reiknað með eftirfarandi formúlu:  $(2 * DP + SP) / 3$  þar sem DP = Bp Neðri mörk og SP = Bp Efri mörk.

Hiti


Hiti °C  Mælingarstaður

Púls

Púls slög/mín  Regla hjartsláttar

Blóðþrýstingur

Efri mörk mmHg  Neðri mörk mmHg  Mælingarstaður  Staða við mælingu

Miðgildisslagæðarþrýstingur (MAP): **86** mmHg 

Öndun

Öndun tíðni/mín  Öndunartaktur  Lýsing öndunar

Súrefnismettun

Súrefnismettun %

Súrefnisgjöf

Súrefnisgjöf l/mín  Súrefnisgjöf %  Leið súrefnisgjafar  Gefið með

Athugasemd

Lífsmörk og súrefni | Mælingar | Vökvajafnvægi

Tafla	Línurik	Súrefni - Línurik					
Dagur og tími	Hiti (°C)	Púls (slög/	BP (mmHg)	Miðg. slagæðarþr. (mmHg)	Öndun (tíðni)	Regla hjart	BP
08.01.2015 10:32			125/66	86			
08.01.2015 10:29	37 endabarmur	72	126/82	97		reglulegur	upf.
30.12.2014 10:31	38 endabarmur	68	150/115	127		reglulegur	upf.

## Mælingar - Vaxtarrit barna

SAG-1725

Nú er Athugasemdir reiturinn ekki lengur hluti af Líkamlegur þroski kaflanum heldur er reiturinn í sér kafla.

Virknin fyrir Athugasemdir reitinn hefur ekki breyst.

## Mælingar - Þvag og hægðir

SAG-1724

Skráningaratriðið Form er núna Form og útlit.

Meconium hægðir og Mjólkurhægðir er nú hægt að velja sem skráningaratriði fyrir Form og útlit.

## Mælingar - Breytingar á verkjaskráningu

SAG-1923

Innskráningarformi fyrir verkjaskráningu breytt eins og tilgreint í hönnunarskjali LSH.

Valinn sjúklingur: Vala Rún Kristjánsdóttir, kt: 311203-2820

Mæling	Verkir	
Lífsmörk og stúftri	Staðsetning verkja	
Bíðmælingar	Vinstri fótur	
Hámark-afleiði útdundunar	Mælaferlið	
Hæð, þyngd og ummál	Númerakvarði (NRS/VAS)	
Væðing barna	Styrkur í hvíld (0-10)	
"Verki	Styrkur við hreyfingu / djúpa innöndun (0-10)	
Þvag og hægð	4	5
Mæruvökvaþjástingur	Annað (t.d. lýsing á hegðun eða svipbrigðum)	
Mat á meðvitund og taugakerfi	Meðhöf af	
Mat á sjálfstjargargetu	Sjúklingi	
Mat á vitrænni getu	Hvenær meðhöf	
Ákrar mælingar	<input checked="" type="radio"/> Fyrir meðhöf	
Mat á vanlíðan (DT)	<input type="radio"/> Eftir meðhöf	
Bíðtæði (ABPI)	<input type="radio"/> Á ekkju við	
Erkennamat (ESAS)	Meðvitund	
Geðkvarðar	0 = Vakandi	
Augnmælingar 1	Verkjadreypi og frjágk-villar	
Mat á næstingarástandi	Verkjadreypi	
Mat á áhættu þýstingsáráða (Bz)	Sídreypi undir húð	
Mat á bylthættu (Morze)	Hreyfigeta fóta	
Augnmælingar 2	Dofi í fótum	
	<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei <input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei	

desember 2014

s	m	þ	m	f	f	l
30	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	1	2	3
4	5	6	7	8	9	10

09.12.2014

14:24

Eyri sjúklingur Næsti sjúklingur Vista Loka

## Mælingar - Geðkvarðar

SAG-5065

Nú kemur ekki lengur villa ef reynt er að skrá geðkvarða þar sem meðaltal heildar án áhættu er stærra en 0 en minna en 1.

## Rafræn eyðublöð (.NET virkni)

## Rafræn læknaþrá - Hreyfiseðill #99

SAG-4725

Nú geta utanaðkomandi kerfi sent Hreyfiseðil #99 til Sögu í XML-skeyti yfir HekluNetið. XSD skema sem hægt er að „validate-a“ á móti auk XML-sýnidæmis má finna hér: <http://thjonusta.emr.is/documents/Saga/RafrænarSendingarSchema/Hreyfiseðill/ExerciseSheet.zip>

## Rafræn eyðublöð (gaWPFElectronicSheets)

## Rafræn eyðublöð - Starfsheiti viðtakanda

SAG-2433

Starfsheiti viðtakanda birtist nú í fellilista fyrir viðtakendur í Rafrænum eyðublöðum.

Þegar valinn er nýr viðtakandi sést starfsheiti (e. profession) í stað faghóps.

SAG-2283

"Senda blað á aðra deild" heitir núna "Flokka á annarri deild" til að fyrirbyggja misskilning. Þær deildir sem birtast í þessum lista eru einungis þær deildir sem hafa flokkara notendur til að flokka rafræn eyðublöð.

## Almennt í Sögu

## Ónotuð eyðublöð fjarlægð úr Sögu

SAG-2828

Eftirfarandi blöð hafa verið fjarlægð úr Sögu

1. 16 (pt) Sjúkraskrá - Geðdeild
2. 17 (pt) Geðskoðun - Geðdeild
3. 47 (pt) Grunnupplýsingar Geðdeild
4. 48 (sp) Vinnublað - Bæklunarlækningar
5. 57 (sp) Vinnublað - Barnalækningar
6. 62 (sp) Heilsufarssaga Barnalækninga
7. 77 (er) Fyrirmæli
8. 174 (h) Framvinda og mat
9. 179 (h) Legublað sjúklings
10. 183 (h) Upplýsingasöfnun hjúkrunar
11. 188 (nf) Innlagningarblað
12. 189 (nf) Sjúkraskrá

13. 190 (nf) Útskriftarnóta
14. 197 (er) Endurkoma/árlegt mat v/sykursýki
15. 199 (er) Rannsóknaniðurstöður v/ sykursýki
16. 223 (nf) Beiðni um meðferð
17. 235 (he) Reykingavarnir
18. 290 (nf) Meðferð

### Eyðublöð - Kóðaleit

SAG-620

Forgangskóðar, skilgreindir í C\_S\_PRIORITY\_CODES, eru nú mögulegir í kóðaleit fyrir úrlausnir.

Forgangskóðar fyrir eftirtalin kóðunarkerfi hafa verið unnir í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

- EGILL
- LOINC
- NCSP
- SIGGI
- STARRI

Athuga stilligildi 48 varðandi það hvernig forgangskóðar eru virkjaðir fyrir notendur.

### SagaWeb

#### Skrá lífsmörk í Heilsugátt

SAG-5088

Búið er að laga villu í SagaWeb þegar verið er að skrá lífsmörk í gegnum Heilsugátt

### Samtengingar (grunna)

#### Forsíða sjúklings - Samtengingar

SAG-2886

Flípanum Komur í skjámyndinni Aðrar stofnanir (Sjúkragögn á öðrum heilbrigðisstofnunum hefur verið breytt þannig að í dálkinum Koma standi *Utan ferlis'* þar sem áður var Heilsugæsla og *í ferli'* þar sem áður var Göngudeild.

#### Samtengingar grunna - Skrá ofnæmi í eigin grunn

SAG-2664

Nú er hægt - þegar skoðuð eru sjúkragögn frá öðrum stofnunum í Forsíðu Sjúklings - að skrá í staðbundin (local) gagnagrunn ofnæmi sem skráð hafa verið á annarri stofnun. Þetta er gert með því að velja fyrst viðkomandi línu í flípanum "Ofnæmi" og smella síðan á hnappinn "Skrá". Athugið að ekki eru leyfðar tvískráningar (t.d. að skrá ofnæmi fyrir ákveðnu lyfi eða efni ef slík skráning er þegar til staðar).

### Sjúklingastika

#### Snjóhorn - Færsla gerð óvirk

SAG-5032

Nú er hægt að skrá skýringu þegar færsla er gerð óvirk sem er allt að 2000 stafir án þess að villa komi upp þegar ýtt er á Vista takkann í skráningarviðmóti snjóhornsins.

### Sjúklingaval (gaPatientSelectionBar)

#### Sjúklingaval - Notendastillingar

SAG-1831

Sá flípi sem notandi valdi síðast í sjúklingavali er nú vistaður og helst óbreyttur þegar flakkað er á milli eininga.

#### Sjúklingaval - Nýr felligluggi í flípanum Mættir

SAG-2330

Nýjum felliglugga var bætt við flípann Mættir í sjúklingavali. Í felliglugganum er hægt að velja úr afgreiðslum sem skráðar eru undir innskráningardeild notanda. Sjálfgefið val er að birta alla sjúklinga sem bíða hjá þeim afgreiðslum sem notandi hefur aðgang að.



## Skel (gaShell)

## Aðgerðinni Afskrá bætt við Sögu-vallista

SAG-3054

Aðgerðinni Afskrá, með flýtyliklinum Ctrl+Alt+U, var bætt við Sögu-vallista í öllum einungum. Flýtylikillinn tilheyrði áður Skýrsluumsjónareiningu sem nú hefur engan flýtylikil.

## Saga - Titilrönd

SAG-1645

Nú er hægt að skrá hjálpartexta sem birtist aftast í titilrönd Sögu. Þar er t.d. hægt að skrá símanúmer og tölvupóstfang tölvudeildar. Textinn er skráður í stilligildi 1201.

## Skilaboð (gaInternalMail)

## Eyðublað og Skilaboð - Undanþágulyfseðlar

SAG-3807

Nú er lækni bara sendur póstur í Sögu þegar Lyfjastofnun hafnar umsókn um undanþágulyf eða upp kemur villa hjá Lyfjastofnun í stað þess að lækna fengu skilaboð við samþykkt undanþágulyfseðils.

## Skýrsla (CR skrá)

## Skýrslur - Uppflettingar í sjúkraskrá

SAG-959

Búin var til ný skýrsla: „SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga, án kt. notenda“. Hún er eins og gamla skýrslan „SAGA3.1 Umsj: Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga“, nema í staðinn fyrir nöfn, kennitölur og notendanöfn notenda sem hafa flett upp sjúkraskrá er nú einungis nöfn og faghópar. Þetta var gert til að geta mætt þeirri þörf að geta látið einstaklingum yfirlit í té án þess að of persónulegar upplýsingar um einstaka notendur kæmu fram.

## Textasýn (gaTextViewRTF)

## Eyðublað #297 - Textasýn fyrir enskt læknaþréf #297

SAG-3218

Blaði bætt við í textasýn

## Textasýn - Ferðakostnaður sjúklinga innanlands

SAG-2249

Bætt við upplýsingum úr eyðublaði #24 Skýrsla vegna ferðakostnaðar sjúklings innanlands.

## Textasýn - TR-V Ferð skúklings til meðferðar utan heimahéraðs #387

SAG-764

Bætt við upplýsingum úr eyðublaðinu í textasýn.

## Textasýn (WPF)

## Ný textasýn - Aðstandendaskráning

SAG-2620

Ný textasýn birtir nú upplýsingar um hvort (og þá hvenær) aðstandendaskráningu sjúklings var breytt.

## Ný textasýn - Upplýsingar um breytingar á persónuupplýsingum

SAG-1403

Bætt við upplýsingum um breytingar á persónuupplýsingum sjúklings. Textasýnin birtir upplýsingar um hvenær og hver breytti persónuupplýsingum eða upplýsingum um aðstandendur sjúklings.

## Ný Textasýn - Persónuupplýsingar starfsmanna fjarlægðar

SAG-5072

Upplýsingar eins og kennitala, netfang, heimasíma- og farsímanúmer starfsmanna birtist ekki lengur í nýju textasýn.

## Ung- og smábarnavernd (gaChildrenObservation)

## Breytingar á útliti forsiðu Ung- og smábarnaverndar

SAG-4649

Nafnspjaldið er farið og heimilisfang barns því ekki lengur sýnt á forsiðu. Upplýsingar um foreldra hafa verið færðar til vinstri þar sem nafnspjaldið var en hægra megin eru núna:

- Viðvörðun um að barn sé ekki sjúkratryggt (sést þá og því aðeins að barn sé ekki sjúkratryggt).
- Bólusetningaráminning (sést ef aldur barns passar við bólusetningaráætlun).
- Heimilistannlæknir barns skv. skráningu hjá SÍ (ekki sýnt ef barn er með gervikennitölu).

Nýtt stilligildi 169 **Sýna heimilistannlækni í Ung og smá**

Þetta stilligildi stjórnar því hvort upplýsingar um heimilistannlækni séu sýndar, en áður en það má virkja það stilligildi þarf SÍ að veita viðkomandi stofnun leyfi til að fletta upp tannlæknaupplýsingum og það þarf að stilla í Heklu skeytamiðlارانum.

Eftir uppfærslu er hægt að virkja nýja þjónustu **SI Patient Dental Query** fyrir AppServer í töflunni SERVER\_SCHEDULED\_SERVICES.

Þessi þjónusta sér um að spyrja SÍ um tannlæknaupplýsingar fyrir börn sem eiga tímabókun samdægurs og þar sem form tímabókunar er tengt Ung- og smábarnavernd. Ekki er spurt ef barn er með gervikennitölu. Sjálfgefin tímasetning er að þjónustan skuli keyrð kl 06:00, en því má breyta ef þörf krefur. Aðalatriðið er að þjónustan keyri áður en börn mæta.

## Ung- og smábarnavernd - Flýtitextar


SAG-475

Nú er hægt að setja inn flýtitexta í textasvæði í Ung- og smábarnavernd. Virknin er eins og í Eyðublöðum. Flýtitextar eru búnir til í Mínar stillingar eða með því að smella á CTRL+SHIFT+T innan í textasvæði sem styður flýtitexta. Hægt er að setja inn flýtitexta sem búið er að skilgreina með því að skrifa „,%“ og nafn flýtitextans beint á eftir og smella síðan á CTRL+T.

Hægt er að búa til flýtitexta fyrir innskráðan notanda og auk þess getur notandi sem hefur tiltekin réttindi búið til flýtitexta fyrir innskráningardeild. Allir notendur sem skrá sig inn á deildina geta þá notað þann flýtitexta.

## Til kerfisstjóra:

Til að notandi geti búið til flýtitexta fyrir deild þarf notandi að vera með hlutverk, sem veitir aðgang að Eyðublöðum og Ung- og smábarnavernd og er með „Flytitextar\_Deild“ aðgang settan. Sjá mynd hér að neðan:



## Tannlæknaupplýsingar fyrir einstaklinga með gervikennitölu

SAG-4693

Tannlæknaupplýsingar frá SÍ eru ekki sýndar í Ung- og smábarnavernd ef einstaklingur er með gervikennitölu.

## Upplýsingar um heimilistannlækni frá SÍ

Í samantekt upplýsinga frá S.Í. um heimilistannlækni barns og tannheilsu, er nú birt ábending/viðvörðun sé annað hvort af eftirfarandi skilyrðum uppfyllt:

- barn er að koma í skoðun á bilinu 18 mánaða til 4 ára og er ekki með skráðan heimilislækni
- barn er að koma í 4 ára skoðun og eldra hefur ekki mætt í tanneftirlit s.l 3 ár

## Spurningalistar um tannheilsu barna - samræming

Búið er að samræma spurningalista um tannheilsu barana í 18 mánaða, 2 ½ árs og 4 ára skoðunum.

- Í alla listana hefur spurningunni *Er búið að skrá nafn heimilistannlæknis?* verið bætt við.
- Í 2 ½ árs skoðun detta út spurningarnar *Hefur barnið farið til tannlæknis?* og *Nafn tannlæknis*
- Í 4 ára skoðun detta úr spurningarnar *Hefur barnið farið í 3 ára forvarnarskoðun?* og *Nafn tannlæknis*

## Afritun á milli spurningalista í Ung- og smábarnavernd

Afritun á spurningalistum milli skoðana hefur verið lagfærð, en hún hætti að virka í útgáfu 3.1.38.1

## Vefþjónustur (external)

### MedicalDataService - GetTextViewSheetsByPatientInt

Bætt við nýju falli GetTextViewSheetsByPatientInt sem skilar textarsýnarupplýsingum um eyðublað sjúklings röðuðum eftir undirritunardagsetningu blaðs (nýjasta efst). Sérhverju eyðublaði fylgja upplýsingar um samskiptin sem blaðið tilheyrir.

### Vefþjónustur - Blaðinu „Beiðni um álit sérfræðings“ #45“

Nú er hægt að búa til blaðið „Beiðni um álit sérfræðings“ með þjónustunni „SagaServices/MedicalData/MedicalDataService.svc“. Það lýtur sömu lögmálum og önnur blöð.

Hér er lýsing á breytunum í .Net klasanum fyrir blaðið:

```
// Upplýsingar um beiðni
// CslaProperty string PurposeAndQuestions Ástæða beiðni og spurningar sem óskast svarað [S_SHEET_DETAIL.CLOB_TEXT - LineNo = 1]
// CslaProperty int? RequestInfoReceiverEmplInt Viðtakandi beiðni receiver userId - í kaflanum „Upplýsingar um beiðni“ [NUMBER_3]
// CslaProperty int? RequestInfoWardId Deild sem óskað er ráðgjafar frá ID - í kaflanum „Upplýsingar um beiðni“ [NUMBER_10]
// CslaProperty string RequestInfoReceiverDoctorNo Viðtakandi beiðni DoctorNo - í kaflanum „Upplýsingar um beiðni“ [EDIT5_1]
// CslaProperty string RequestInfoReceiverNameAndSpeciality Viðtakandi beiðni receiverName and speciality - í kaflanum „Upplýsingar um beiðni“ [EDIT120_1]
// CslaProperty string RequestInfoImportanceOfConsult Ráðgjöf óskast, texti úr g_group með group_int = 235 - í kaflanum „Upplýsingar um beiðni“ [EDIT120_4]
// CslaProperty string RequestInfoConsultWardNameAndTelephone Deild sem óskað er ráðgjafar frá nafn og sími - í kaflanum „Upplýsingar um beiðni“ [EDIT120_6]
// CslaProperty string RequestInfoReceiverSpeciality Speciality - í kaflanum „Upplýsingar um beiðni“ [EDIT120_22]

// Sjúkrasaga og rannsóknir
// CslaProperty string MedicalHistoryAndResearch Sjúkrasaga og rannsóknir [S_SHEET_DETAIL.CLOB_TEXT - LineNo = 2]

// Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til
// CslaProperty int? CopySignEmplInt Starfsmannanúmer fyrir undirskrift - í kaflanum „Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til“ [NUMBER_2]
// CslaProperty string CopySignEmplPersonId EmployeePersonId - í kaflanum „Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til“ [EDIT20_1]
// CslaProperty string CopySignEmplMobilePhone EmployeeMobilePhone - í kaflanum „Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til“ [EDIT20_2]
// CslaProperty string CopySignEmplName EmployeeName - í kaflanum „Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til“ [EDIT60_1]
// CslaProperty string CopySignEmplProfession EmployeeProfession - í kaflanum „Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til“ [EDIT60_2]
// CslaProperty string CopySignEmplOrganization - í kaflanum „Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til“ [EDIT120_5]
// CslaProperty DateTime? CopySignEmplSignDate Dagsetning - í kaflanum „Niðurstaða og ráðleggingar berist einnig til“ [DATE_1]
```

### Vefþjónustur - Textasýn

Í Textasýnar vefþjónustunum undir MedicalDataService er núna fyllt út í SheetViewData.CurrentEmployeeName og

SheetViewData.SenderEmployeeName.

## Vefþjónustur - Ástæða komu

SAG-3067

Ný vefþjónusta sem sækir **Ástæðu komu** úr nýjstu útgáfu upplýsingaskrár einstaklings. Þjónustan er í **MedicalDataService** þjónustu og heitir **ReasonForArrival**

Hjúkrunarferli | Upplýsingaskrá | Útskriftaráætlun | Dagbók | Dagplan |

Almennar upplýsingar

Leguupplýsingar

Upplýsingar fengnar frá	- hverjum?	foreldri
<b>Ástæða komu</b>		Kemur nú í innskrift og skoðun vegna fyrirhugaðrar aðgerðar vegna Hypospadi. Fyrirhuguð er Snoddgras aðgerð hjá Þ.R. þann 17. janúar.
<b>Aðdragandi og ástand við komu</b>		Er fæddur með hypospadiasis, fór í aðgerð 2009 á þvagrærum þá vegna Cystu á þvagrás.
<b>Hefur sjúklingur legið á sjúkrahúsi erlendis sl. sex mánuði?</b>	<input checked="" type="radio"/> Nei <input type="radio"/> Já	
<b>Hefur sjúklingur greinst með MÓSA sýkingu?</b>	<input type="radio"/> Nei <input type="radio"/> Já	
<b>Annað</b>		Er nýlega greindur einhverfur, er ljúfur og góður og skoðun gekk vel. Er mjög virkur. Saga um RS sýkingu á fyrsta ári

## Vefþjónustur - Útfyllt af

SAG-2996

Ný vefþjónusta hefur verið gerð til að breyta svæðinu "Útfyllt af" í undirskriftum á eyðublaðum.

Þessi nýja vefþjónusta er skilgreind undir **MedicalDataService** og heitir **ChangeSheetFilledByUser** og tekur inn þrjár breytur:

- notendaaudkenni
- númer eyðublaðs
- númer nýja starfsmannsins sem skal settur sem útfyllingaraðili.

Tæknilegri lýsing á skilgreiningu þjónustunnar er svona:

- ChangeSheetFilledByUser**(UserAuthentication user, int sheetInt, int userId);

Notkun á þessari vefþjónustu er skráð í ferilsögu blaðs með textann "*Útfyllt af breytt með vefþjónustu*" (gildi 38).

## Vefþjónusta fyrir Vesturland - Sjúklingalistar úr Legu

SAG-3841

Nýtt vefþjónustukall sem skilar lista yfir innliggjandi legusjúklinga á gefnum deildum, staðsetningu þeirra og hvort þeir séu í leyfi.

Kallið heitir PatientBedding() og er í Adt/AdtService.svc þjónustunni er hluti af SagaServices (Presentation\Saga.Presentation.Services) og tekur inn tvær breytur, annars vegar auðkennishlut eins og allar þjónusturnar og svo lista af númerum þeirra deilda sem á að skila gögnum fyrir.

## Vefþjónustur - GetLatestTreatment

SAG-4092

Vefþjónustan GetLatestTreatment var lagfærð. Ef engin óútskrifuð legulota finnst á sjúkling, og heldur engin koma í ferliotu, þá er engu (null) gildi skilað, í stað þess að skila númeri tómu ferliotunnar eins og áður var.

## Útskriftaráætlun - vefþjónusta

SAG-4565

Bætt var við fallinu GetDischargePlanByPatientInt í vefþjónustuna TreatmentService (Saga Services). Fallið skilar sömu upplýsingum úr útskriftaráætlun sjúklings og sjást í "Meðferð - Útskriftaráætlun".

## EndActiveTreatment falli bætt við ADT-vefþjónustu

SAG-4513

Þjónustan setur virka meðferð lokið hjá sjúklingi og skilgreinir hvaða úrræðum hann býður eftir. Þjónustan leyfir ekki að vista ólöglega kóða fyrir úrræði og vinnur að öðru leyti eins og samsvarandi virkni í ADT einingu.

## Vefþjónustur - Hæð, þyngd og BMI

SAG-3516

Undir MedicalDataServices er komin ný vefþjónusta GetLatestPatientBmi sem skilar upplýsingum um hæð, þyngd, BMI og yfirborð húðar.

Þar sem upplýsingum um hæð og þyngd geta verið skráð á mismunandi tímum, koma fram upplýsingar um dagsetningu og auðkenni skráningar fyrir hvort fyrir sig.

## Klínískar rannsóknarniðurstöður - blaði eytt eða gert ógilt.

SAG-3789

Skráð er í töfluna TL\_LSH\_CLINICAL\_RESULTS þegar rannsóknatengt blað er búið til. Þessari virkni var breytt þannig að nú er skráð auð færsla þegar blaði er eytt eða það gert ógilt. Með sama hætti er gefið til kynna ef öllum rannsóknáþáttum hefur verið eytt af viðkomandi blaði.

## MedicalData Services

SAG-4042

Bætt var við þjónustunni NewHeightWeightCircumferenceMeasurement sem skráir mælingar um hæð, þyngd og ummál. Líkamsgerð mittismál/mjadmámál er nú reiknað en ekki tekið við innslegnu gildi í vefþjónustu.

## MedicalDataServices - GetLatestPatientBmi

SAG-4039

Þjónustan sækir nú upplýsingar um ummál vinstri- og hægri upphandleggs ásamt ummáli mittis.

SAG-4841

## ADT vefþjónusta fyrir Hrafnistu

Nú er komin þjónusta fyrir Hrafnistu sem skilar ýmsum gögnum um virka sjúklinga eða útskrifaða sjúklinga ákveðið marga daga aftur í tímann.

## Vera (Fyrirspurnalag)

### Upplýsingar um virkar lyfjaávisanir í spjallborði Veru

SAG-2739

Endurbætur hafa verið gerðar á birtingu upplýsinga um virkar lyfjaávisanir í spjallborði Veru.

Eins og í fyrri útgáfu er birt stöðulína í forsiðunni sem gefur til kynna hvort sjúklingur á virkar lyfjaávisanir á lyfið (eða samheitalyf) sem beðið er um endurnýjun á.



Ef notandi færir mús yfir línuna eru birtar nánari upplýsingar um bæði virkar og eldri lyfjaávisanir fyrir lyf eða samheitalyf.



### Afgreiðsla og Stillingar - Form tímabókunar

SAG-4975

Nú er hægt að haka við Fela í Veru hak í stillingaglugga fyrir form tímabókunar í Stillingar, Form tímabókunar.

Ef það er gert þá sjást tímabókanir með því formi ekki í Veru yfir tímabókanir einstaklings.

### Vera - Áætlun með afmörkun x-ta hver vika á ákveðnum vikudegi

SAG-4884

Stillingildi 2015 stjórnar því í afgreiðslukerfinu hvort að vika byrji á mánudegi eða sunnudegi. Nú tekur Vera mið af þessu stillingildi. Hægt er að setja stillingildi á deild en Vera tekur alltaf mið af default gildinu (almenn deild) fyrir stillingildið.

## Vera (Samskiptaborð)

### Vera samskiptaborð - Eldri fyrirspurnir

SAG-1969

Allar eldri fyrirspurnir eru ekki lengur sóttar sjálfkrafa þegar flipinn Eldri fyrirspurnir er valinn. Nú þarf að slá inn leitarskýrði í leitarbox og staðfesta leitina með því að ýta á enter.

### Vera samskiptaborð - Töku lýkur á lyfi

SAG-2882

Ef lokadagsetning á töku lyfs, sem verið er að endurnýja, er þekkt þá koma upplýsingar um það fram með uppl um 'Síðast ávísað á stofnun' í lyfjaendurnýjun í Veru spjallborði.



#### Fampyra 10 mg forðatfl, 56 stk pr. pakkn.

Fjöldi pakkinga: 1 - Afgreitt magn 56 forðatfl í hverri afgreiðslu

Notkunarleiðbeiningar: 1 tafla að morgni, 1 um miðjan dag

Athugasemdir:

Greiningar: Engar greiningar hafa verið vandaliðaðar við lyfið

Síðast ávísað á stofnun: **Guðleif Harðardóttir** (NH38 B-01 Legudeild) - mánudagur 15. desember 2014 **Töku lýkur: 11.01.2015 (28 dagar)**

Ávisanir í Lyfseðlaskrá: Einstaklingur á óútleyst samheitalyf í Lyfseðlaskrá Fampridine (ΚΙΝ7ΥΥ07)

Endurnýja

Hafna

Guðleif Harðardóttir (NH38 B-01 Legudeild) - mánudagur 15. desember 2014 **Töku lýkur: 11.01.20**

Sveinn Magnússon (NH38 B-01 Legudeild) - mánudagur 3. nóvember 2014

### Vera samskiptaborð - Merkja þráð svarað

SAG-4557

Núna er hægt að merkja þráð svarað en þó aðeins ef honum hefur verið svara af einhverjum lækni/starfsmanni einu sinni. Þannig ef einstaklingur þakka fyrir sig er hægt að merkja þann þráð svarað og hann hverfur af skjáborðinu og mínar fyrirspurnir. Þetta er gert með því að hægri smella á þráð og velja aðgerðina "Merkja svarað".

### Vera - Beiðni um lyfjaendurnýjun

SAG-3606

Fjöldi afgreiðslna sést nú í yfirliti fyrir lyfjaendurnýjun í Veru spjallborðinu.

Paratábs 100 ekg lífmál 100 úli gr. aðlín  
 Síst aðfönguð 7. af tölum 20 lífmál í hvílu á þvötu  
 Síst af þvötu 2,2 af tölum 1  
 Hæðunni lífmála 2,2 af tölum 1  
 Aðgættuð:  
 Gættuð:  
 Síst í hvílu á þvötu

### Vera samskiptaborð - Form tímabókunar

SAG-3605

Form tímabókunar sést nú í yfirliti yfir síðustu komu einstaklings.

### Vera samskiptaborð - Síðasta koma

SAG-3604

Í yfirliti í Veru samskiptaboðinu undir **Síðasta koma** er ekki lengur birtar komur sem eru flokkaðar sem símtöl.

### Vera samskiptaborð - Ósk um lyfjaendurnýjun

SAG-1738

Nú er hægt að skrá nýjar greiningar til vandaliðunar þegar verið er að gera lyfjaendurnýjun í gegnum Veru samskiptaborð.

## Vinnulisti (gaWorklist)

### Vinnulisti - Flíparnir „Rafræn skeyti" og „Beiðnir"

SAG-3982

Lagfærð og samræmd virkni á hnöppum og valmynd fyrir birta/fela flokkunarstiku. Bætt við prentun úr báðum flípanum og prentaðgerðir virkjaðar. „Beiðnir" flípanum hefur verið breytt þannig að „Fyrri ráðgjöf vegna sjúklings" og "Svör" birtast í aðskildum töflum.

## Viðhengi (gaAttachments)

### Viðhengi - Lýsing viðhengis

SAG-4307

- Ef stilligildi 167 er virkt þá þarf notandinn að slá inn lýsingu á viðhengi þegar hann velur nýtt viðhengi í viðhengiseiningunni.
- Ef stilligildi 167 er óvirkt virkar kerfið eins og áður, þ.e. ekki þarf að slá inn lýsingu þegar viðhengi er valið.
- Ef fleira en einu viðhengi er bætt við í einu þá fá öll viðhengin sömu lýsinguna.

### Viðhengi - Opna sjálfkrafa síðast valinn flípa.

SAG-1655

Flípa sem síðast var valinn (Samskipti eða Viðhengi) opnast sjálfkrafa þegar viðhengjaeining er opnuð. Staða flípa er vistuð fyrir hvern notanda. Ef F7 takki er notaður í eyðublaðaeiningu opnast viðkomandi samskipti í samskiptaflípanum óháð fyrri stöðu viðhengjaforms.

## Yfirlit yfir áætlanir í afgreiðslu

### Yfirlit yfir vefbókanlega tíma

SAG-3133

Nýtt töl sem sýnir á grafískan hátt þá vefbókanlegu tíma sem eru skilgreindir fyrir valið aðfang, sé aðfangið merkt vefbókanlegt

## Íhlutir (gaPatientItems)

### Íhlutir - Nánari upplýsingar

SAG-2654

Nú stendur 'Settur upp' í staðinn fyrir 'Sett í' fyrir framan ísetningardag íhluts í Nánari upplýsingar glugganum.

### Íhlutir - Forsíða sjúklings

SAG-2660

Ef íhlutur er fjarlægður í gegnum forsiðu sjúklings stendur nú 'Tekinn niður' í hint glugganum í Íhlutir einingunni í stað 'tekinn niður' áður.

### Íhlutir - Nánari upplýsingar

SAG-2659

Ef íhlutur hefur verið fjarlægður þá er textinn í Nánari upplýsingar 'Tekinn niður' í staðinn fyrir 'Tekið úr'.

### Íhlutir - Kóðuð atriði

SAG-2641

Íhlutalistar voru uppfærðir að beiðni LSH.

## Útskriftaráætlun

SAG-2631

## Útskriftaráætlun - Útskriftardagsetning

Tegund dálksins sem sýnir áætlaðan útskriftardag breytt úr 10 í 16 (óbreytanlegur texti) og bætt við fyrirsögn hans upplýsingum um að viðkomandi gildi sé afritað úr leguskráningu.

SAG-2470

## Útskriftaráætlun - Hjálpartæki v/ ADL

Kaflinn færður upp fyrir kaflann Þjálfun / endurhæfing og er nú 7. undirkafli í Útskriftaráætlun. Bætt við haki fyrir Beiðni farin.

SAG-2471

## Útskriftaráætlun - Þjálfun / endurhæfing

Framsetningu á kaflanum Þjálfun / endurhæfing breytt til samræmis við kaflann Hjálpartæki v/ADL. Nú er hægt að bæta við línunum ásamt því sem settur var inn fellilisti til að velja þau úrræði sem í boði eru.

SAG-2464

## Útskriftaráætlun - Útlit

Útlínur milli svæða hafa verið dekkar.

SAG-2465

## Útskriftaráætlun - Áætluð útskriftardagsetning

Áætluð útskriftardagsetning uppfærast nú í útskriftaráætlun sé henni breytt í ADT legum. Einnig er hún afrituð úr legum þegar útskriftaráætlun er búin til í fyrsta sinn eða þegar valið er að hreinsa.

SAG-2468

## Útskriftaráætlun - Stuðningur við innlög

- Bætt við "-nánar" fyrir allar spurningar í kaflanum "Stuðningur við innlög".
- Eftirfarandi upplýsingar úr Hlutverk og félagsleg tengsl eru afritaðar; Annað (stuðningur á og utan heimilis) í viðeigandi línur.
- Upplýsingar um Þvaglegg, stóma, stóma (uro) og kæfissvefnsvél eru nú afritaðar í kaflann Hjálpartæki v/ADL
- Heitinu Lyfjatiltekt var breytt í Lyfjaskömmun.

SAG-2473

## Útskriftaráætlun - Viðbætur

Nýjum kafla, Eftirfylgd, bætt við Útskriftaráætlun. Í kaflanum er hægt að skrá margar línur þar sem fylgt er út í svæðin: Þarf, Eftirfylgd og nánar ásamt upplýsingum um hvenær og hver merkir við.

SAG-2466

## Útskriftaráætlun - Lyf, bréf og vottorð

- Orðinu fundir" bætt við heiti kafla. Nýrri spurningu, "Þarf fjölskyldufund" bætt við.
- Ný spurning með nýjum texta búin til; upplýsingar um áætlaðan útskriftartíma kynntar sjúklingi/aðstandendum. Eldri spurning tekin úr notkun.
- Texta fyrir "Lyfjatiltekt" breytt í "Lyfjaskömmun" og Spurningu um hvort útskriftarnóta hafi verið send heimilislækni tekin út.

SAG-5101

## Útskriftaráætlun og áætlaður útskriftardagur

Villa í útskriftaráætlun hefur verið lagfærð. Hún lýsti sér í því að við sérstök skilyrði hreinsaðist útskriftaráætlunin ef áætluðum útskriftardegi í Legum/Lotum var breytt.